



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Septemberblað 2024

Forsíðan er að þessu sinni tileinkuð handverkshjónunum Önnu Lilju Jónsdóttur og Brynjólfi Garðarssyni.

Anna Lilja er mikill útskurðar meistari en Binni sér um trérennslið og saman eru þau í félagskapnum *Snúið og skorið* í Hafnarfirði



Höf: Engilbert Gíslason

Hver hlutur skal vera á sínum stað sagði afi, annars finnurðu aldrei þegar á þarf að halda. Þetta er svo sannarlega satt, já - dagsatt og það veit félagi okkar Bjarni Þór mæta vel.

Skúririnn er ekki stór og því um að gera að nota hverja smugu, gefa hverri smugu hlutverk, já hlutverk geymslunnar.

Hagleiksmaðurinn Bjarni Þór kom í heiminn á Seltjarnarnesi á því herrans ári 1954 og sleit þar barnsskónum, komst til manns og náms og útskrifaðist úr Kennaraháskólanum.

Leiðin lá nú ekki beint í kennslustörf því eins og margi ungir menn heillaði sjórinn og trillusjómennska tók við um tíma. Hagleiksmaðurinn keypti 10 tonna trillu í félagi við aðra, gerði upp og hóf útgerð. Að útgerðartímanum loknum fór Bjarni til kennslustarfa sem smíða- og íslenskuennari enda lærður í þeim fögum helst og hefur nú sinnt kennslunni í 40 ár.

Þetta er maðurinn sem allir félagsmenn kannast svo vel við. Þessi sem er svo ötull að finna til efni fyrir félagsfundi í Félagi trérennismíða og svo er hann er líka einn af stofnendum félagsins.

Bjarni lét ekki nægja að hefja útgerð og trillufiskirí heldur lagaði hann af stað út í hinn stóra heim þar sem allt er fundið upp. Þýskaland hélt okkar manni í tvö ár þar sem hann vann m.a. við smíðar. Ekki voru það bara smíðarnar, Þýskir fúrtarar og yngismeyjar sem heilluðu í Þýskalandi.

Einn góðan veðurdag varð á vegi hans skemmtileg glaðleg og afar viðræðu góð kona sem átti eftir að varða hans ekta kvinna og lífsförunautur, en það er hún Edlertud Maria. Unga parið lagði land undir fót og tók stefnuna á Ísland þar sem þau hafa unað hag sínum.

Einstakur áhugamaður um handverk allskonar, vinnur tré, bein, tennur, málms og þar með silfur, hann er félagi í og var lengi í stjórn Heimilisíðnaðarfélagsins og saumar þar þjóðbúninga, allavega sinn eigin.

Það er ekki bara í skúrnum hans Bjarna sem handverk hans verður á vegi manns. Húsið er eitt allsherjar safn, eiginlega stórsafngripur. Eitt sterkasta eðli handverksmanna er að henda aldrei neinu, það kunna að verða not fyrir hlutinn síðar meir, kanski allan eða bara einhvern part. Bjarni er einmitt þeirrar gerðar og stöðugt að glæða lífi einhverja búta sem aðrir hefðu hent.

Bjarni er hreinn hafsjór af fróðleik um gamalt handverk allskonar, og ekki síður fróður um handverks tól fyrri tíma. Hann er einn af þeim sem unnu að endurvakningu eldsmíða og hann og félagar hafa komið sér upp eldsmíðu á Akranesi þar sem reglulega eru haldin námskeið í faginu í samvinnu við „Íðan fræðslusetur“.

Það má með sanni segja að félagi Bjarni sé ekki við eina fjölin felldur þegar kemur að félagsmálum allskonar. Hann er duglegur að blása lífi í hnignandi handverk. Hann fer vítt og breitt í þeim tilgangi að kenna tálgun, útskurð og rennismíði svo eitthvað sé nefnt.



Meistarinn í skúrnum



Telgdur sellóleikari



Saltskál úr Kúpumahöny



200 ára gömul rússnesk fura



Hver hlutur á sinn stað



Skarfur á kletti



TRAVA askja



Rennibekkur, járn og allt mögulegt

HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason

Votviðris sumarið 2024 er senn á enda og handverksmenn og konur komin að rennibekkjum og útskurðarborðum með hlaða af góðum efniviði.

Á förnunum vegi rekst maður á félagsmenn í Félagi trérennismiða og gjarnan er spurt hvort mikið hafi verið rennt í sumar.

Á faraldsfæti vítt og breitt eru félagsmenn og þar er Ferðaklúbbur félaga innan Félags trérennismiða engin undantekning. Þar eru nokkrir sem ferðast saman á húsbílum eða með hjólhýsi. Í blaðinu er að finna frásögn Karls Helga af einni slíkri og vert í því sambandi að hvetja fleiri til þátttöku í ferðum klúbbsins.

Nýir félagsmenn bætst stöðugt við félag okkar sem má m.a. rekja til dugnaðar formanns okkar Arnar Ragnarssonar sem hefur verið duglegur að ferðast um landið með rennibekk og sett upp kynningar á dásemdum trérennismiða.



Á förnunum vegi verður maður var við aukinn áhuga margra ungra manna og kvenna á að reyna sig við trérennismiðina og fylgja gjarnan margar spurningar um áhöld og tæki í þessu sambandi.

Ritstjóri setti sig í samband við félaga okkar Andra Snæ Þorvaldsson sem er lunkinn við uppsetningar á efni til útgáfu og prentunar og falaðist eftir kröftum hans við gerð mynda- og orðalista yfir helstu rennijárn og heiti hinna ýmsu hluta rennibekksins. Afraksturinn birtist okkur nú í blaðinu og kann ritstjóri Andra Snæ bestu þakki fyrir. Þess má og geta að í skoðun er að gefa efnið út í formi plakats sem gott væri að koma á framfæri t.d. á kynningarfundum.

ÞÝSKALANDSFERÐ TRÉRENNISMIÐA

Örn Ragnarsson

Það var í apríl síðast liðinn að nokkrir félagar í Félagi trérennismiða lögðu land undir fót. Stefnan var tekin á Þýskaland, nánar til tekið Neckarsteinach við ána Neckar. Þar var að finna DNS eða Drechselstube Neckarsteinach en það ágæta fyrirtæki heldur námskeið í trérennsli ásamt því að þróa og selja verkfæri og alls konar efni til rennsli.



Þjörn skoðar stórviði hjá Hutzelmann

Að þessu sinni var námskeiðið skipulagt fyrir tíu Íslendinga en DNS hafði aldrei skipulagt námskeið þar sem allir þátttakendur voru af sama þjóðerni. Örn formaður var aukagemsli og bílstjóri í ferðinni. Við gistum á litlu sveitahótel hjá indælli indverskri konu sem dekraði við okkur.

Þar sem við höfðum einn aukadag áður en námskeiðið hófst þá var ákveðið að heimsækja Hutzelmann spýtusala. Þetta var nokkur akstur verð ég að segja að það er ekki auðvelt að rata þegar þrír

gefa ráð, hver eftir sínum síma. En hvað með það þá komumst við á leiðarenda og áttum góða stund að skoða viðarvinnsluna hjá Hutzelmann og svo var farið að versla. Það er stundum rætt um þegar born komast í sælgætisbúð. Þetta var eins. Allir keyptu sér eitthvað og sumir keyptu mikið.



Auðunn mundar hefilinn

Morguninn eftir mættum við á mínúttunni átta enda rennismiðir sérlega stundvísir. Martin Weinbrecht tók á móti hópnum, kynnti sig og aðstoðarmennina sína. Í okkur var borið kaffi, te og meðlæti. Á verkstæðinu voru 11 Vicmark rennibekkir. Martin kenndi við einn og allir fengu rennibekk að vinna við, nema Örn, hann horfði á.

Fyrsta verkefnið var að kynna og ná tökum á því ágæta verkfæri "hefli" sem enskir kalla skew en þýskir Meißel. Fyrstu spýturnar vour hefllaðar niður og spónninn látinn fljúga. Og svo var tekið til við að gera þennan líka fína kertastjaka. Það var einstaklega áhugavert að fylgjast með mönnum byrja hikandi að



FRÉTTABRÉF
FÉLAGS
TRÉRENNISMIÐA
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason

Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson

Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Karl Helgi Gíslason • Andri Snær Þorvaldsson

Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22



Martin Weinbrecht útskýrir næsta skref



Halldór lætur spæni fljúga



Sigling á Neckar - Jónas, Ívar og Auðunn slaka á

nota þetta góða verkfæri, stífir í öxlum og einbeittir á svip. Með tímanum öðluðust menn meira sjálfstraust og slókuðu á og nutu þess að ná tökum á verkefninu. Að sjálfsögðu komu fleiri verkfæri við sögu svo sem skrúbbur og spindiljárn.

Daginn eftir var verkefnið lagleg piparkvörn, meiri æfingar með helstu járnin. Námskeiðinu lauk svo með stuttri samveru úti í garði. Þar var boðið upp á ís og snafs og spjall.

Við áttum svo auka dag til hvíldar og andlegar upplýftingar. Þá notuðum við tækifærið og fórum í fljótasiglingu til Heidelberg og til baka aftur. Heimferðin var svo bara venjuleg flugferð með Ícelandair.

Ég spurði Martin hvort hann væri til í að skipuleggja annað svona námskeið fyrir hólp af Íslendingum. Hann tók því karlmannlega og sagði að við skyldum skoða september 2025. Þannig að ef áhugi er fyrir öðru svona ævintýri þá takið frá næsta september.



Magnús og Þórir gera upp daginn

LISTAVERK



Fullnýting skógar



Ostahnífar og bretti



Beiki og hnota



Fyrir rokkinn hennar ömmu

FERÐAKLÚBBUR TRÉRENNISMIÐA

Karl Helgi Gíslason



Fimmtudaginn 8. ágúst sl. fórum við fimm félagar, ásamt mökum, alls níu á fimm bílum og heimsóttum Halldór skógabónda féлага okkar og Nínu konu hans í Dalina og gistum eina nótt á hlaðinu hjá þeim að Gautastöðum. Þar var höfðinglega tekið á móti okkur með kaffi og nýbökðu áður en húsráðendur leiddu okkur um húsakost og síðan skóginn sem þau hjón hafa byggt upp og ræktað á landareign sinni.



Gautastaðir



Mokstursskóflu rennsli á Gautastöðum

Þetta er orðinn hinn myndarlegasti skógur og fræddi Halldór okkur um hin ýmsu ræktunar mál þega hann fylgdi okkur um skóginn sem bæði er orðin hávaxinn og skjólgóður. Eftir gönguna var tekið í rennibekk sem hafður var í skóflunni á traktornum, inni í skemmu, og því hægt að hækka og lækka að þörfum. Um kvöldið grilluðum við og borðuðum saman í stofunni á Gautastöðum. Ekki skorti umræðurnar og er nokkuð víst að engum leiddist og allir höfðu gaman af. Eftir góðan nætursvefn og sameiginlegan morgunmat var komið að kveðjustund og að þakka fyrir höfðinglegar móttökur á þessum fallega stað.

Rætt var um að ferðaklúbburinn fyndi annan áfangastað að ári sem fróðlegt væri að heimsækja. Með betri fyrirvara vonumst við að fleiri sláist í för og njóti sameiginlegs áhugamáls, að ferðast og ræða og stunda trérennismiði á fallegum stað.



Grillað á Gautastöðum



Flott aðstaða í skóflunni á Gautastöðum



Södd og sátt eftir grillmat á Gautastöðum




STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ÖRN RAGNARSSON, *formaður* / GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), *gjaldkeri*
MAGNÚS KRISTMANNSSON / ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON / BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON

Verkfæri trérennismiðsins

Orðalisti á íslensku og ensku


Rifjárn (*spindle roughing gouge*)



Algeng brýning: 45°

Til að grófrenna og slétta ójafnt efni. Má aðeins nota milli odda, þegar vöxtur viðar er samsíða rennibeknum sjálfum.


Spindiljárn/baugjárn (*spindle gouge*)



Algeng brýning: 45°

Að mestu notað milli odda til að gera hin ýmsu form. Með æfingu er þetta mjög fjölhæft járn.


Bútjárn (*parting tool*)



Algeng brýning: 60°

Til að bíta í sundur og slétta enda en líka gott til að merkja stærðir og svæði í efnið.

Hefiljárn (*skew chisel*)



Algeng brýning: 45°

Með góðri æfingu er þetta fjölhæft járn (á milli odda) sem skilar frábæru yfirborði. Slétt hefiljárn má nota sem negatíva sköfu, beitt lárétt.

Sköfur (*scrapers*)




Algeng brýn.: 60-80°

Negatív skafa

(*negative rake scraper*)

Ótal form og gerðir í boði! Geta rifið í ef óvarlega er farið. Negatívar sköfur hafa tvo brýnslufleti sem mætast að framan og eru rólegri.

Skálajárn (*bowl gouge*)




Algeng brýn.: 40-60°

Svipað spindiljárn í útliti en með dýpra U og almennt lengra/sterkbyggðara. Mikil fjölbreytni í brýnslu og smekkur fólks því misjafn.

Verkfæri trérennismiðsins

Orðalisti á íslensku og ensku

Rennibekkurinn



Patrónan



-Andri Snær Þorvaldsson

Innandyra sem utan er allt tandurhreint, úti sér vestan-áttin um að halda öllu hreinu og fínu en innandyra eru það hjónin Reynir og Guðlaug. Við mæltum okkur mót eftir hádegislúrinn á miðvikudegi, settumst í stofu og tókum spjall.

Reynir þessi ötuli og ljúfi meistari útskurðar og trérennis er einn af frumkvöðlum okkar og fyrrum formaður og ritstjóri blaðsins okkar í 20 ár. Einn af þessum ötulu forsprökkum sem lögðu nótt við dag við að kynna landsmönnum lystisemdir trérennslis og útskurðar. Fóru vítt og breitt með hjólhýsi, renndu, skáru út og drukku kaffi með gestum á handverkssýningum hingað og þangað.

Reynir er fæddur í Kópavogi á því herrans ári 1941, sleit þar barnsskónum. Lærði bifvélavirkjun, fór til USA og vann þar við fagið allt þar til kom að því að vera á þröskuldi herkvaðningar í algleymi Víetnam stríðsins enda orðinn handhafi „Græna kortsins“. Margir ungir menn svöruðu kallinu, áttu ekki kost á að komast heilir eða lifandi heim. Okkar maður tók þá ákvörðun að halda heim á leið.

Eftir heimkomu tóku við störf hjá lögreglunni. Fyrsta starfsstöðin var í gömlu lögreglustöðinni við Pósthússtræti en ekki leið á löngu uns hann var kominn í mótörhóladeildina sem hafði aðsetur á sama stað og skátarnir við Snorrabraut.

Reynir hafði fullan hug á að komast lengra í lögreflufræðum og komst í bandarískan bréfaskóla sem kenndi fræðin. Í framhaldi af því námi lá leiðin í rannsóknadeild lögreflunnar enda naut námið viðurkenningar lögreflufrýrvalda bæði hér og vestanhafs. Eftir nokkur ár í lögreflunni breytti okkar maður til og fór yfir í tryggingabransann.



Meistarinn við bekkinn

Eftir gott spjall í stofu og góðan kaffidrykk héldum við í skúrinn. Og þvílíkt og annað eins. Í skúrnum mætti mér heil herdeild af körlum og konum skornum í tré. Ekki bara á stóru borði heldur upp um alla vegg og þar var líka fjöldi útskorinna fugla. Athygli mína vakti box fullt af andlits-myndum jólasveina, skornar í þunnan afskurð. Já afskurður er það sem Reynir sker í andlitsmynd t.d. jólasveins og afraksturinn fer til líknarfélaga þar sem félagsmenn mála myndirnar og selja síðan málefnið til styrktar.

Inn af í skúrnum var vélakosturinn, rennibekkurinn, bandsögin ofl. Verkfæri og hillur og box upp um alla vegg, ekki ryk að sjá. En Reynir sagði það víst vera, hann einn veit hvar það er að finna. Ég er vissum að félagi okkar, séra Viðari í Vestmannaeyjum þætti þessi snyrtimenska til mikillar fyrirmyndar.-



Meistarinn í tálgestólnum



Þjóðfundur



Verðandi prjónles



Útskurður til fatlaðra



Fyrsta rennslisverkið, gert í barna-skólanum



Fuglabjarg við sjávarsíðuna í Garðabæ

Úrval af handverkfærum,
handfræsitönnum, sandpappír o.fl.



 **HEGAS**

HEGAS | Smiðjuvegi 1 | 200 Kópavogur | hegas.is



NÁMSKEIÐ

BRÝNSLA

RENNIJÁRN

RENNIBEKKIR

PATRÓNUR

ÍHLUTIR

YFIRBORDSEFNI

**HANDVERKS
HÚSIÐ**

TRÉRENSLI HEFUR VERIÐ OKKAR ÆR OG KÝR SÍÐAN 1996

HANDVERKSHÚSIÐ RAUÐAGERÐI 25
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 12-16
ALLTAF OPIÐ Á HANDVERKSHUSID.IS

VORFERÐIN

Glaðbeittur hópur Trérennismiða og maka safnaðist saman við Hraunberg 6 þar sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er með trésmíðadeild – það er laugardagur, sá síðasti í apríl og hefur töluna 27.

Félagsskapur okkar er svo lánsamur að hafa fundaraðstöðu í Hraunberginu og hittist síðasta laugardag mánaðar frá september til og með mars í húsakynnum skólans. Auðvitað er hittingur einnig í apríl en þá leggjum við gjarnan land undir fót og reynum að auðga hugann með því að líta t.d. inn hjá kollegum utan höfuðborgarsvæðisins.



Meistari Björgvin

Klukkan rétt liðlega átta árdegis heldur 50 manna hópurinn af stað og stefnan tekin á Stokkseyri þar sem meiningin er að taka hús á Orgelsmiðju Björgvins.

Leiðsögumaðurinn var sá eini sem var ögn súr til að byrja með. Hann hafði hlaðið bíl sinn heima við hús af nesti til ferðarinnar að viðbætti eiginkonunni og brunað af stað. Þegar búið var að koma veitingunum í lest rútunnar fann hann hvergi bakpokann með leiðsögugögnunum. Bakpokinn góði var semsagt heima í eldhúsi, steinþegjandi og ánægður með hlutskiptið.

Eitthvað af gögnum náði leiðsögumaður að kalla fram í síma sínum, aðallega var um að ræða draugasögur sem eiga sér heimili í og við Þrengslavegin. Ekki reyndi á heimsóknir drauganna enda um hábjartan dag að ræða.

Fyrsti áfangastaðurinn var Orgelsmiðja Björgvins á Stokkseyri þar sem meistari Björgvin Tómasson tók á móti hópnum ásamt syni sínum. Björgvin fór á kostum, fór yfir sögu orgelsins og uppruna þess ásamt með því að segja frá vinnu sinni við hin ýmsustu orgel, viðgerðir og smíði. Í lokin sýndi hann okkur lírukassa sem m.a. var búinn laginu „Ég er kominn heim“, Björgvin sneri sveifinni, lagið hljómaði og og allir tóku undir, enda Björgvin búinn að prenta út texta lagsins fyrir hópinn.



Ebbi alltaf glaður

af orgelsölum, útlendum, eftir gosið 1973. Ólafur fékk að hirða orgelið með því að taka niður og fjarlægja. Orgelið reyndist langt frá því að vera ónýtt og sómir sér og hljómar vel í sal Ólafs.

Í skúrnum sem Ólafur kallar svo, rými fyrir framan smíðastofuna, var Ólafur búinn að koma fyrir borði svo við gátum sett upp veitingarnar okkar. Ólafur gerði betur því hann hafði sett fram fulla pumpukönnu af rjúkandi kaffi sem margir þáðu.



Orgelið úr Landakirkju sómir sér vel í Forsæti



Engar smáspítur í Límtré

Næsti viðkomustaður okkar var hjá Límtré Vírnet ehf á Flúðum en það merka fyrirtæki er hugarfóstur og eign félaga Guðmundar Magnússonar og fleiri. Guðmundur og Sigmundur Brynjólfsson framleiðslustjóri tóku á móti hópnum og leiddu um hið gríðarstóra verksmiðjuhús þar sem límtrén eru framleidd og síðan yfir í aðra risa byggingu þar sem yleingar eru framleiddar.



Ekki eiga allar samlokugerðir svona flotta vél



Bandsög - alvöru

Eftir þessa fróðlegu og skemmtilegu heimsókn var haldið heim til Guðmundar og eiginkonu hans Önnu Bjarkar í Steinhlið á Flúðum þar sem verkstæði hans er til húsa. Í húsum Guðmundar kenndi margra grasa, trésmíðavélar, rennibekkir og handverk allskonar að ótöldum veitingum góðum.

Nú var komið að næst síðasta viðkomustað dagsins, Friðheimum. Þar tók á móti hópnum Knútur bóndi og hélt góða tölu um upphafið og þróunina en leiddi síðan í hús þar sem hann fræddi okkur enn frekar um framleiðsluna og býflugurnar.

Það voru glaðir og svangir ferðalangar sem settust að borðum í Friðheimum og nutu dásamlegrar tómatsúpunnar ásamt heima-bökuðu brauði og kryddi.

Síðasti viðkomustaður okkar í þessari ferð var „Kalla kaffi“ við Skyrklettgötu í Laugarási en þar búa sæmdarhjónin Karl Helgi Gíslason og Guðrún Bjarnadóttir. Það stóð ekki á hlýjum móttökum þeirra hjóna og kaffi ilmurinn tók fagnandi á móti hópnum. Eftir spjall, skoðun handverksgripa og varnings til trérennismíða sem þau hjón hafa löngum flutt inn og selt við góðu verði og kaffidrukk hafði klukkan ætt áfram og kominn tími til að halda af stað til Reykjavíkur, enda leigutími rútinnar og akstursklukka bílstjórans að nálgað endimörk.



Tómatsúpa og meðlæti í Friðheimum

Innviðir

Hnota - Hlynur
Birki - Eik o.m.fl

Innviðir

Harðviður

Þú færð
efniviðinn
hjá okkur.

Láttu sjá þig
við tókum
vel á móti
þér.



Smíðjuvegur 36 rauð gata 5564-3636

Röggi ehf.

Smíðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is

Þjónusta við lðnaðinn

Lofpressur, trésmíðavélar, járnsmíðavélar, borvélar, Bandsagarblöð, sagnarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is





**HVER SEM
HUGMYNDIN
ER ÞÁ GERUM
VIÐ ÞETTA SAMAN**

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN